

TÖFRAEYJAN SRI LANKA

Jóga, náttúran, menningin og dýralífið



Trans - Atlantic



14 – 27 Febrúar 2022

Stórkostleg náttúra, einstakt mannlíf og forn menning. Þú kynnist fjölbreyttu dýralífi í safarí ferð um þjóðgarð eyjunnar en þar má m.a sjá fílahjarðir, hlébarða, krókódíla, buffala, apa, slöngur og einstakt fuglalíf. Sri Lanka er töfrandi eyja sem á ekki sinn líka og lætur engan sem hana sækir heim ósnortinn.

1 Dagur Flugíð út

Flogið er frá Keflavík til London um morguninn klukkan 07.40 og þaðan áfram til Sri Lanka um kvöldið klukkan 21.25 og lent í Colombo klukkan 13.25 að staðartíma daginn eftir.

2 Dagur Negombo

Við komuna til Sri Lanka er tekið á móti farþegum af fulltrúum okkar samstarfsaðila þarlendis og ekið í cirka 45 mínútur á hótelið Jetwing Sea, Negombo.

3 Dagur Wattala – Pinnawla – Dambulla

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með Arnbjörgu

Eftir morgunverð förum við til Habarana en á leiðinni stoppum við í Pennawela Elephant Orphanage sem er cirka 55 mílur frá Colobo höfuðborginni á Sri Lanka. Þessi staður var byggður upp árið 1975 til að sinna og fæða yfirgefna og særða fíla og í dag eru yfir 65 fílar þar í fóstri þ.á.m margir fílsungar en á staðnum hafa í gegnum árin fæðst yfir 38 fílar. Gjafatími þeirra er frá 09:30 til 10:00 á morgnana og aftur milli 13:30 og 14:00.

Trans Atlantic EHF

Ferðaskrifstofa

Ráðhústorgi 7, 600 Akureyri.

Sími 588 8900, fax 588 8950, Netfang:

info@transatlantic.is www.transatlantic.is

**Við sérhæfum okkur í
skipulögðum hópferðum**



Trans - Atlantic

Baðtíminn þegar farið er með alla hjörðina niður að nærliggjandi á er milli 10:00 og 1.:30 og svo aftur milli 14:00 og 14:30.


Þessar tignarlegu skepnur eru ímynd kyrrðar og alveg ótrúlegt að geta verið í slíkri nálægð við þær sem hér er boðið upp á.



Eftir heimsóknina til fíllanna komum við til Dambulla hellahofsins sem er gríðarmikið klettabelti sem gnæfir meira en 500 fet yfir ferðamanninum, en í þeim er að finna hið fræga Kletthof (Rock Temple) sem á rætur að rekja allt til fyrstu aldar fyrir Kristburð. Á þessum stað dvaldi konungurinn Walagamba í sinni 14 ára útleigð en þegar hann endurheimti háseti sitt byggði hann þetta tilkomumikla mannvirki.

Í fyrsta hellinum er gríðarstórt liggjandi líkneski af Buddha sem er 47 feta langt. Alls staðar ber fyrir augu goðamyndir og líkneski sem tengjast búddatrúnni. Freskurnar á veggjunum og í loftunum eru þær elstu á Sri Lanka en eru gerðar á Kandy tímabilinu.

Í helli númer tvö sem er sá stærsti á svæðinu eru 150 stytur af Buddha í manastærð í mismunandi stellingum ásamt nokkrum stytum af konungum og guðum. Freskurnar í loftinu á þessum helli sýna helstu og minnisstæðustu atburðina í lífi Buddha sem og stærstu viðburði í sögu Sinhalese fólksins.



Dveljum á Amaya Lake Resort

Trans Atlantic EHF

Ferðaskrifstofa

Ráðhústorgi 7, 600 Akureyri.

Sími 588 8900, fax 588 8950, Netfang:

info@transatlantic.is www.transatlantic.is

**Við sérhæfum okkur í
skipulögðum hópferðum**

4 Dagur Habarana – Sigiriya – Habarana

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með heimamanni



Eftir morgunverð höldum við ferð okkar áfram til Sigiriya þar sem við heimsækjum Klettavirkið (Rock Fortress) eða Ljónaklett (Lion Rock). Sigiriya er á heimsminjalista UNESCO og Virkið upp í skýjunum – Klettavirkið, sem er frá 5 öld eftir Kristburð er eitt merkasta undur Sri Lanka. Virkið sem einnig er stundum kallað Ljónaklettur tekur það nafn eftir gríðarstórri ljónastyttu sem forðum stóð við innganginn að höllinni (virkinu) efst á klettinum í ótrúlegri 600 feta hæð. Efst á klettinum er ennþá hægt að sjá grunninn og lága veggj konunglegu hallarinnar sem þar stóð eitt sinn í öllu sínu veldi. Í einum stiganum sem enn stendur uppi er hægt að sjá veraldarlegar freskur, hinar einu sem til eru svo vitað sé, eftir Sinhala í upprunalegum litum og í mannlegum stærðum.

Eftir þessa viðburðaríku ferð höldum við aftur á hótelið þar sem við gistum aðra nótt

5 Dagur Habarana– Polonnaruwa – Habarana

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með Arnbjörgu



Eftir

morgunverð höldum við áfram okkar ferð en í dag heimsækjum við annan stað sem er á heimsminjali sta UNESCO sem er Polonnaruwa sem var höfuðborg Sri Lanka frá elleftu til þrettánda aldar. Hér er að finna stórkostlegar styttur eins og Lankatilake, Tivanka og Thuparama sem og bestu eintök af freskum frá Polonnaruwa tímabilinu. Rankoth Vehere og Kirivehera eru tignarlegar og stórar styttur, Gal Vihare er helgidómur í klett þar sem fjórar Buddha styttur ber fyrir augu, tvær sitjandi, ein standandi og loks ein frásveigð. Þá er stytta Parakrama Bahu en þessar styttur allar eru til marks um leikni steinsmiða Sinhalese þjóðarinnar. Á miðöldum var Polonnaruwa sem höfuðborg víggirt með innra virkissíki og innri og ytri varnarveggjum.

Seinni partinn skoðum við Minneriya þjóðgarðinn. Hann er staðsettur á miðri eyjunni. Verndargildi hans má rekja til einstaks dýralífs og lóns er þekur 4670 ekrur Þessi garður á sér einnig stað í sögunni en Mahasen kóngur frá 3 öld eftir Krist, byggði lónið. Þar má finna fjölda dýrategunda, fugla, skriðdýra, fiska, fiðrilda og gróðurs.

Gistum áfram á Amaya Lake Resort

6 Dagur Habarana – Matale – Kandy



Trans - Atlantic

með Arnbjörgu

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn

Eftir morgunverð farangurinn og áfram. Nú er viðkomu í kikjum við á hofin. Dambulla höggvin inn í finna hof síðan frá þar var

konungur í útlegð í 14 ár. Þegar hann komst aftur til valda byggði hann glæsilegustu klettahofin sem finnast á Sri Lanka. Freskur á veggjum eru þær elstu í landinu.



tökum við saman höldum okkar ferð haldið til Kandy með Mataleen áður Dambulla hella hellahofin eru kletta og þar má m.a 1. öld fyrir Kristburð. Walagamba

Kryddjurtargarðarnir í Matale er eitthvað sem allir þurfa að sjá. Bæði í Matale og í Mawanella sem er einnig á leið okkar til Kandy ber fyrir augu ferðamannsins ótrúleg



ræktun garða þar sem ýmsar tegundir kryddjurta eru þannig staðsettar að við fáum að njóta þeirra sýnar. Hægt er að kaupa í þessari ferð ýmsar kryddvörur en í hverri viðkomu fáum við leiðsögn um þær tegundir sem fyrir augu ber og notagildi þeirra bæði til lækninga og matargerðar. Þá er heimsókn í hefðbundna Batic verksmiðju þar sem gefst kostur á að sjá þessa fornu prentvinnslu.

Þegar komið er til Kandy er tekin

hefðbundin skoðunarferð um staðinn.

Kandy er einnig á heimsminjalista UNESCO og var lengi vel síðasta vígi konunga Sinhalese þjóðarinnar á þeim tímum þegar erlend ríki hernámu landið eins og portúgalar, hollendingar og loks Bretar en Sri Lanka með samningum 1815 gafst formlega upp þá. Kandy er í augum búddatrúamanna bæði á Sri Lanka og um heim allan einn helgasti staður trúar þeirra og þá ekki síst fyrir þá staðreynd að í Kandy er að finna Dalada Maligawa eða Hof hinnar Heilögu Jarðnesku Líkamsleifar (brot úr tönn) af Buddha sjálfum.

Einnig er rétt hjá Kandy menjar Konunglegu hallarinnar Maha Wasala þar sem drottningin bjó sem í dag hýsir Þjóðminjasafnið, Meda Wasala þar sem aðrir fjölskyldumeðlimir konungsins bjuggu, Móttöku höllin og þá er einnig stutt í Natha Devala og Vishnu Devala.



Baðhöllin Ulpenge er við nærliggjandi vatn og í miðju vatnsins er eyja sem heitir Kiri Samudraya en þar var sumarhús konungsins staðsett. Í dag hýsir eyjan miðstöð búddatrúar, lista, handverks, dans,

Trans Atlantic EHF

Ferðaskrifstofa

Ráðhústorgi 7, 600 Akureyri.

Sími 588 8900, fax 588 8950, Netfang:

info@transatlantic.is www.transatlantic.is

Við sérhæfum okkur í skipulögðum hópferðum



Trans - Atlantic

tónlistar og menningar þeirra. Gestir geta séð dans- og tónlistaratriði daglega á nokkrum stöðum um borgina Kandy. Þá stoppum við aðeins á markaðinum í Kandy, förum upp á Wace Park til að sjá frábært útsýni yfir borgina og förum í búðir þegar komið er aftur niður í borgina. Boðið er upp á kvöldsýningu sem sýnir menningu Sri Lanka.

Eftir langan dag höldum við á Hotel Amaya Hills, Kandy

7 Dagur Kandy



Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með Arnbjörgu

Heill dagur í slökun á þessu dásamlega hóteli en auðvitað mælum við með gönguferð um nærliggjandi svæði sem hægt er að fara í og þá með leiðsögn. Gistum áfram á hótelinu aðra nótt. Eftir góðan dag er farið aftur inn á Hotel Amaya Hills, Kandy

8 Dagur Kandy – Peredeniya – Nuware Eliyra

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með heimamanni

Eftir morgunverð og samantekt á farangri höldum við áfram á vit nýrra ævintýra. Nú er farið til Peredeniya þar sem við heimsækjum konunglegu garðana. 147 ekrur sem byrjað var að byggja upp og rækta í kringum 1374 sem opinber garður fyrir konunginn af Kandy og Gampola. Þarna er að finna meira en 5.000 tegundir af trjám, plöntum og skriðjurtum. 5 breiðgötur skipta garðinum upp í afmörkuð svæði sem öll hafa sína sérstöðu, það yngsta frá árinu 1905.



Trans Atlantic EHF

Ferðaskrifstofa

Ráðhústorgi 7, 600 Akureyri.

Sími 588 8900, fax 588 8950, Netfang:

info@transatlantic.is www.transatlantic.is

**Við sérhæfum okkur í
skipulögðum hópferðum**



Trans - Atlantic

Eftir heimsókn okkar í þessa unaðsreiti höldum við ferð okkar áfram til Nuware Eliyra með viðkomu á te plantekru og verksmiðju. Byrjað var að rækta te á Sri Lanka 1824 í Konunglega görðunum sem við vorum að koma frá þegar nokkrar plöntur voru fluttar þangað frá Kína. Fleirri tegundir komu síðan frá Assam árið 1839. Árið 1867 gróðursetti skoskur maður, James Taylor að nafni, te fræ í 8 hektara svæði á skógarsvæði við

Loolkundura setrið en fyrsti útflutningur á té átti sér stað 1873 og var þá aðeins hógvæð 23 pund að þyngd sem sent var til London. Í dag eru meira en 200 þúsund hektarar nýttir undir terækt og er útflutningurinn í dag yfir 300 milljón kílógrömm en talið er að 25 % af öllu te í heiminum sé ræktað á Sri Lanka enda landið stærsti útflytjandi þess á heimsvísu.

Við innritum okkur svo á hótelið Glenfall Reach, Nuwara Aliya

9 Dagur Nuwara / Yala

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með Arnbjörg

Eftir morgunverð keyrum við til Yala þjóðgarðarins sem er einn sá þekktasti á eyjunni fyrir fjölbreytt og spennandi dýralíf. Við innritum okkur á hótelið og höfum fjálsan tíma það sem eftir lifir dags. Við gistum á Jetwing Yala, Yala.



10 Dagur Yala þjóðgarður

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með heimamanni

Í dag er spennandi dagur fram undan þar sem við skoðum Yala þjóðgarðinn. Garðurinn er 126.786 hektarar að stærð og stofnaður árið 1938. Hann er þekktur fyrir stórar hjarðir dýra s.s mikinn fjölda fíla, hlébarða, dádýra, krókódíla, villtra buffala og mikinn fjölda

Trans Atlantic EHF

Ferðaskrifstofa

Ráðhústorgi 7, 600 Akureyri.

Sími 588 8900, fax 588 8950, Netfang:

info@transatlantic.is www.transatlantic.is

**Við sérhæfum okkur í
skipulögðum hópferðum**

annara tegunda. Meira en 130 tegundir fugla hafa verið auðkenndar í garðinum. Áfram gist á sama hóteli Jetwing Jala

11 Dagur Yala - Galla - Hikkaduwa

Jógastund dagsins - 60 min um morguninn með Arnbjörgu

Að loknum morgunverði höldum við til Galle en þessi borg er sú stærsta á suðurstönd Sri Lanka og jafnframt sú þekktasta. Hér skoðum við elstu menjar staðarins sem eru mikilfengleg virki hollendinga og portúgala en það fyrrnefnda er á heimsminjalista UNESCO. Sjálf borgin á sér miklu og lengri sögu en frá byggingartímum þessara tveggja virkja en sumir fræðimenn telja uppruna hennar megi rekja allt aftur til Gamla Testamentisins þar sem segir að Salomon konungur hafi sent kaupskip sín til Tarshish (Galle) en þangað segir biblían einnig að Jónas hafi flúið drottinn.

Við innritum okkur inn á Hotel Hikka Tranz by Cinnamon, Hikkaduwa

12 Dagur Hikkaduwa - Colombo

Eftir morgunverð og samantekt farangurs höldum við áfram til Colombo sem var lítil hafnarborg áður fyrr en er höfuðborg landsins í dag.

Við kynnumst einu þekktasta Jógasetri landsins . Við förum í Jógatíma, Pranyama og hugleiðslu. Eftir jóga tíma förum við í skoðunarferð um borgina.



Enn í dag er hægt að sjá fornar byggingar og mannvirki sem sýna fyrri yfirráð Portúgals, Hollands og Bretlands. Í þessari skoðunarferð um borgina sjáum við m.a Fort sem er fyrrverandi stjórnarbygging á tímum Breta, gullsmíðahverfið sem er að finna í Pettah eða gamla Bazar hverfinu, einnig sjáum Hindúa hof með flóknum steinskurði s.s Kayman´s Gate sem var upphaflega hliðið inn í virkið, hollensku kirkjuna Wolfendhaal frá 1749, Kelaniya búddistahofið frá 6 öld, Dabatagaha moskuna, þjóðminjasafnið í Colombo og Náttúrugripasafnið. Gistum á hótelinu Jetwing Sea, Negombo

13/14 Dagur Negombo – London – Keflavík

Eftir morgunverð er frjáls dagur



Haldið út á flugvöll eftir miðnættið. Flugið er af stað klukkan 05.10 frá Colombo og lent sama morgun um klukkan 11.30 á Heathrow flugvelli í London. Svo er flugið heim til Íslands um kvöldið klukkan 20.40 og áætlað að lenda loks heima í Keflavík um klukkan 23.55.

Innifalið í verði ferðar er:

- ✓ Boðið er uppá mjúkt Jóga og/eða Nidra á kvöldin
- ✓ Jógadýnur fyrir alla
- ✓ Flug og allir skattar og gjöld í Keflavík, London og Sri Lanka og tilbaka
- ✓ Gisting á upptöldum hótélum með morgunmat og kvöldmat í Sri Lanka
- ✓ Allar skoðunarferðir, allur akstur í ferð með lúxus rútum með loftræstingu og enskumælandi leiðsögumanni
- ✓ Aðganseyrir á þá staði sem við eiga.
- ✓ Íslensk fararstjórn og innlendir farastjóri

Verð per mann í 2ja manna herbergi er 480.000 krónur

Aukakostnaður fyrir eins manns herbergi 74.900 krónur

Staðfesta þarf komu í ferðina fyrir 12. **Nóvember** 2021

á info@transatlantic.is.

